

Listamaður:

Ólafur Þórðarson

Eilífðardraumurinn

Lýsing listamannsins á verk sínu:

Eilífðardraumurinn er fljótandi myndverk við útfall virkjunarinnar. Það er landslagsverk sem sést vel af veginum sem liggur framhá útfallinu að stöðvarhúsinu.

Fley siglir upp vægan straum, fljótandi eyja í endalausri siglingu inn í framtíðina. Farmur varnings og væntinga. Í verkinu mótast fyrir bil og húsi, einföld skirskotun í helstu takmörkin.

Staðsetning myndverksins setur það í ákveðna sjónræna hreyfisþennu við umhverfi sitt. Það er sem virkjunin laði að verkið, rólegur vatnsstraumur berst á móti því og við þetta vaknar upp þessi spurning með hvað sé kjurt og hvað sé á hreyfingu.

Skúlpúrinn virðist hreyfast miðað við rólegt streymi vatnsins. Stendur vatnið þá kjurt? Eða er það virkjunin og umhverfið? Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá að þetta er allt á fleygiferð eins og áhorfandinn.

Fljótandi skúlpúrinn er skapaður af höfund, einhvers staðar nærri útfallinu. Hann er steyptur úr polyurethane-froðu, sértilbúinni til að fljóta í vatni. Ysta lag verksins er sérblönduð úrethan-vörn, gegn útfjölubláu ljósi sem og litur verksins, hálf gagnsær, svo sést í unna kvoðuna. Verkið er botnfest.

Steypt er í sérsmiðað trémót. Stefnt er að því að helminga það eftir að uppsetningu lýkur og skilja einn helming á sitt hvorum bakkanum töluvert fyrir neðan verkið og leyfa mótnu að veðrast. Þannig er sem verkið hafi brotist úr skel sinni.

Ljóskesturum er komið fyrir inni í göngunum sem þá geta lýst verkið upp í myrki.

